

Stjórnarfundur FOKS haldinn í Síðuskóla, 30. ágúst 2011.

Mættir voru: Sigrún Ingibjörg Jóhannsdóttir, Ólafur B. Thoroddsen, Anna Sigrún Rafnsdóttir, Ester Guðbjörnsdóttir, Grímur Laxdal og Bragi Finnbogason.

1. Sigrún sagðist hafa fengið fyrirspurn frá foreldri um hvort nemendur gætu ekki fengið heitt vatn í mötuneytinu. Ólafur útskýrði að slík afgreiðsla krefðist aukins vinnuafis í eldhúsinu sem væri nú þegar rekið með tapi. Umræður urðu um hvort nemendur gætu ekki fengið aðgang að örbylgjuofni. Ólafur sagði að það útheimti eftirlit vegna þess að yngstu börnin fengju þá líka aðgang og ekki væri hægt að tryggja að þau færu ekki að fíkta í ofninum.
2. Aðalfundur fimmtudaginn 15. september klukkan 20.00 stefnt er að fundi með foreldrafulltrúum u.þ.b klukkustund fyrir aðalfund.
Sigrún ætlaði að skoða eldri fundarboð og Bragi ætlaði að senda henni síðustu aðalfundargerð til að fara yfir hver dagskráin eigi að vera. Fundarmenn töldu að dagskráin væri: Ávarp skólastjóra, skýrsla stjórnar, afgreiðsla reikninga, kosningar, í stjórnina vantar tvo menn og kjósa þarf endurskoðenda. Önnur mál, kaffi- veitingar og sala á fatnaði.
3. Rætt var um hvernig ætti að fara með þann lager sem er til af fatnaði. Stjórnarmenn urðu sammála um að selja hann á niðursettu verði í kaffihléinu á aðalfundinum. Verðið yrði: fullorðinspeysa 6.000 kr., barnapeysa 4.000 kr., og buxur 2.000 kr.. Nauðsynlegt er að telja fatnaðinn og skrásetja hvað er til áður en auglýsingin fyrir aðalfundinn verður send út. Bára mun taka það að sér.
4. Nokkrir punktar um fjármál. Staða á bankareikningi 446.224 kr., áætluð útgjöld upphífgartæki 120.000 kr., flutningur á þeim norður 20.000 kr., framlag í bekkjarsjóði 160.000 kr. og svo skuldar félagið 10. bekk 40.000 kr. vegna andlitsmálunnar á síðustu vorhátíð. Við þetta bætast 25.000 kr. vegna spilakaupa samtals 365.000 kr. sem er áætlað að greiða fyrir aðalfund.
5. Önnur mál:
Anna Sigrún sagði að ánægja væri með að greiðslur í bekkjarsjóði væri að hausti og spilakaup væru líka afar vel þeginn í upphafi skólaárs. Einnig hefði borist beiðni um leirbrennsluofn en slíkt verkfæri kosti um 700.000 kr.. Fundarmenn töldu slíka fjárfestingu þarfnast sameiginlegs átaks allra sem koma að skólanum. Sjötti bekkur hafði líka spurt hvort hægt væri að fá styrk til myndavélarkaupa. Fundarmönnum fannst varla vera í verkahring félagsins að kaupa myndavél. Einhverjir bekkir hefðu safnað fyrir myndavél sjálfir.
Rætt var um skipulag bekkjarfulltrúa kerfisins. Fundir kennara og foreldra í skólanum eru hafnir og búið að velja bekkjarfulltrúa í einhverjum tilfellum.
Anna Sigrún ætlar að færa Svövu ritara lista yfir þá sem voru bekkjarfulltrúar síðastliðinn vetur.

Ekki fleira bókað.